



Hestamannafélagið Glaður

Sunnubraut 7
370 Búðardal
www.gladur.is

Stjórnarfundur 9. mars 2015

Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:

Fundur haldinn í stjórn Hestamannafélagsins Glaðs, haldinn að Sunnubraut 7, 9. mars 2015.

Mættir: Þórður, Þórarinn, Heiðrún Sandra, Svala, Viðar og Gyða.

1. Atkvæði Glaðs til vals ípróttamanns ársins hjá UDN. Valið samhljóða í fyrsta til þriðja sæti.
2. Hestadagar hjá hestamannafélögum landsins 19.-22. mars. Glaður er með mót í reiðhöllinni 21. mars þannig að við hvetjum fólk til að koma og horfa á keppnina. Ýmislegt rætt og nefnt sem hægt er að brydda upp á. Þórarinn, Viðar og Svala taka að sér að skipuleggja dagskrá og fá til liðs við sig félagi til aðstoðar.
3. Aðalfundur Glaðs ákveðinn mánudaginn 30. mars kl. 20.30. Huga að kosningum í stjórn og nefndir á aðalfundi, úr stjórn eiga að ganga formaður og varaformaður. Þórður gefur kost á sér til endurkjörs.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Gyða Lúðvíksdóttir, ritari